

# Grænfánaskýrsla

## Leikskólinn Leibær

Umsókn um Græn fána Október 2011



## Leikskólinn Leikbær

Leikskólinn Leikbær var stofnaður 19. september 1985 og er rekinn af Dalvíkurbyggð. Hann er fyrir börn frá 9. mánaða aldri -6 ára. Einnig er boðið upp á skólavistun fyrir börn úr 1-3 bekk grunnskólans. Leikskólinn flutti í núverandi húsnæði 13. júní 1990. Hann er einsetinn frá haustinu 2006 og er opinn frá kl. 7:45 - 16:30 og rúmar mest 23 börn. Leikskólinn er staðsettur í Árskógi og er í sveit við hlið Árskógarskóla. Í nánasta umhverfi leikskólans eru móar, íþróttavöllur, fjós, borgir, skógreitur og fjárrétt. Leikskólinn er að fíkra sig í átt að útikennsluskóla og er því umhverfið mikið notað í daglegu starfi.

### Upphaf

Nokkrir starfsmenn höfðu verið að nýta ýmsan verðlausan og náttúrulegan efnivið í starfi með börnunum. Starfsfólk var líka að flokka frá pappír og fernur sem farið var með í flokkunargám. Þegar landvernd sendi kynningarbréf um grænfána vaknaði áhugi starfsmanna á að taka þátt í verkefninu. Dalvíkurbyggð tók á sama tíma ákvörðun um að allir skólar sveitarfélagsins skyldu vera grænfána skólar. Send var umsókn til Landverndar um að leikskólinn yrði þátttakandi í apríl 2009.

### Umhverfisnefnd

Vorið 2009 var skipaður verkefnisstjóri og stofnuð umhverfisnefnd. Í henni sat, verkefnisstjóri, fulltrúi foreldra, öll börn í elsta árgangi en börnin eru yfirleitt mjög fá í hverjum árgangi. Eining sat leikskólastjóri með nefndinni fyrstu fundi hennar. Haldnir hafa verið sjö fundir í umhverfisnefnd. Á fundunum var farið yfir stöðuna, hvað þyrfti að vinna að og börnin kynntu fyrir fulltrúa foreldra hvernig unnið væri að settum markmiðum.

### Mat á stöðu umhverfismála

Gátlisti Landverndar hefur verið fylltur út þrisvar. Í upphafi verkefnisins haustið 2009 og haustið 2010 fyllti leikskólastjóri og verkefnisstjóri út gátlista Landverndar. Haustið 2011 fyllti verkefnisstjóri og börnin í umhverfisnefnd út gátlistann. Æskilegra hefði verið að umhverfisnefndin hefði fyllt út gátlistann í öll skiptin og fylla hann út oftast en gert var þannig að börnin sæu betur hvað hefði breyst á tímabilinu.

## Markmiðssetning og fræðsla barna

Á fyrsta fundi umhverfisnefndar sem haldinn var 11.09.2009 voru sett eftirfarandi markmið:

1. Flokka rusl betur en nú er gert.
2. Ganga vel um leikskólann og umhverfi hans.
3. Nota efnivið úr náttúrunni til sköpunar.
4. Að kynna umhverfinu.

Í fyrstu var allt endurvinnalegt efni sett í einn stóran pappakassa og þegar hann var orðinn fullur var sturtað úr honum og börnin flokkuðu í poka. Þar sem öll börnin gátu ekki verið með í einu og það var flokkað sjaldan voru sum börn ekki að læra flokkun. Ákveðið var því að kaupa plastdalla fyrir flokkun og voru þeir merktir með myndum þannig að börnin ættu auðveldara með að vita hvað ætti að fara í hvern dall. Með þessu fyrirkomulagi urðu öll börnin meðvitaðri um hvernig ætti að flokka. Mjólkurkassar úr pappa eru notaðir undir flokkunarrusl í elhúsi og í starfsmannaaðstöðu og er þá flokkað jafnóðum í kassana. Börnin tæma síðan kassana reglulega út í flokkunartunnur. Í forstofunni er fata þar sem börnin geta sturtað sandi úr stígvélum og skóm og síðan fara þau með sandinn aftur út í sandkassann. Haustið 2011 hengdu börnin upp og settu niður í jörðina allskonar endurvinnanlegan efniðvið sem þau ætla að fylgjast með hvað verður um.





Áður en markmið voru sett voru börn og starfsfólk byrjuð á að safna matarafgöngum sem ýmis dýr á sveitabænum Krossum fá að borða. Verkefnistjóri kemur þar við á leiðinni heim úr vinnu og skilur eftir fötuna með matarafgöngum og tekur tóma fötu tilbaka í leikskólann. Í staðinn fær leikskólinn stundum egg frá hænunum þar til að hafa ofan á brauð. Það sem dýrin borða ekki s.s. appelsínubörk, bananahýði og kaffikorkg fara börnin með í sorptunnu en í henni er sérílát fyrir lífrænan úrgang. Tunnan er sameiginleg fyrir leikskólann og Árskógarskóla. Rætt hefur verið um að Árskógarskóli og Leikbær taki sig saman um moltugerð.

Notuð voru handklæði sem skipt var út tvisvar á dag. Samkvæmt kröfum heilbrigðiseftirlits eiga að vera einnota handþurrkur í leikskólum. Ákveðið var því að sauma lítil handklæðastykki sem notuð eru einu sinni og síðan sett í þvott. Börn og starfsfólk klipptu niður handklæðastykki úr handklæðum sem gleymst höfðu í íþrótt- og sundlaugarhúsi sveitarfélagsins. Síðan var farið í saumastofuna í Árskógarskóla til að sauma. Einn af kostunum við handklæðastykki er að húðin þornar ekki eins og við það að nota bréþurrkur. Enn sem komið er eru þau einungis á baði barnanna en verið er að skoða hvort hægt sé að nota sama kerfi í eldhúsi og bað starfsmanna en það myndi verða til þess að þvo þyrfti oftár á hverjum degi en nú er og starfsmannahald annar því ekki eins og er.



Í lok árs 2010 var ákveðið að leggja áherslu á að minnka rafmagns- og vatnsnotkun. Hengdir voru upp miðar við alla slökkvara til að minna alla á að slökkva þegar herbergið er yfirgefið. Þetta varð til þess að starfsfólk og börn kveikja seinna á ljósum en áður þegar tekur að dimma og kveikt er á færri ljósum í einu. Þar sem grunnskólinn og leikskólinn er með sameiginlegan mæli getum við ekki séð hversu mikið notkunin hefur minnkað í leikskólanum.



Ekki hefur gengið eins vel að minnka vatnsnotkun og verður það eitt af næstu verkefnum að finna leiðir til þess. Hluti starfsmanna og barna passa að skrúfa fyrir um leið og notkun er hætt og sumir skrúfa ekki frá að fullu.

Lögð er áhersla á að starfsfólk prenti út báðum megin á blöðin og að stilla prentarann á draft. Blöð sem hætt er að nota eru sett í listasmiðju til barnanna eða klipptir niður minnismiðar úr blöðunum.

Í tengslum við vettvangsferðir fengu öll börn lítinn bakpoka og vatnsbrúsa úr plastefni sem talin eru smita lítið af efnum í vatnið.

Við útfyllingu gátlistans haustið 2010 var ákveðið að kaupa hreinlætisvörur sem eru vottaðar umhverfisvænar t.d. með svansmerki og rætt við verktakann sem ræstir leikskólann um að nota ætti umhverfisvæn ræstiefni. Reynt er að gæta þess að kaupa krem, t.d. sólarvörn sem eru ekki með óæskilegum efnum. Í fyrstu var erfitt að finna þessi krem og virtust starfsmenn verslana ekki

meðvitaðir um þessi efni. Einnig fékk leikskólinn gefins útivistarkrem úr náttúrulegum efnum.

Nánast allir plastpokar sem koma í leikskólann eru notaðir aftur. Einnig saumaði verkefnistjóri poka úr gömlum gardínum og sængurverum og eru þeir notaðir undir blaut föt og fleira. Foreldrar þvo síðan pokann eftir þörfum áður en honum er skilað aftur í leikskólann.

Elstu drengir leikskólans gerðu könnun á því hvort fullorðnir og börn væru í öryggisbeltum og myndu drepa á bílunum. Þeir sem ekki gerðu það fengu sektir.



Farnar eru vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans þar sem náttúran er skoðuð og rætt um umgengni um hana. Lögð er áhersla á að gera börnin meðvituð um umhverfið og að þau læri að njóta hennar. Starfsfólk vekur athygli barnanna á fuglum, skordýrum og gróðri og þeim kennt að bera virðingu fyrir náttúrunni. Þeim er kennt að ganga vel um gróðurinn og að öll dýr, líka skordýr eiga rétt á að lifa, þ.e. við drepum þau ekki t.d þó séu utan á leikskólanum eða á tröppunum. Börnin tína rusl og spáð er í mengun t.d. frá bílum. Í tengslum við að fara út, skoða börnin hvernig veðrið sé og í hverju þurfi að klæða sig út frá veðrinu. Einnig er spáð í árstíðir og einkenni þeirra. Börnin tína alls kyns efnivið í náttúrunni og nota hann í listasmiðju.

Í febrúar 2011 fór ofurhetjuhópur í skógreitinn. Börnin tóku það rusl með sem þau sáu í skógreitinum heim í leikskóla og flokkuðu það. Einnig var umræða um hvernig snjórin fer með gróðurinn, spáð var í mikilvægi góðrar umgengni og hvað við getum gert til að vernda skógreitinn okkar.





Aðstoðarmenn slökkviliðsins fóru í mánaðarlega eftirlitsferð en börnin hafa það hlutverk að kanna hvort eldvarnir séu í lagi og að útgöngulúleiðir séu greiðfærar. Meðan þau voru að því sáu þau að best væri að fara strax með pappírstunnurnar okkar og losa þær þar sem þetta gæti verið eldsmatur og komu þau með þá uppástungu að best væri að losa endurvinnanlegan efnivið sem fyrst út í tunnu.





Í júní 2010 tíndu börnin rusl í kringum leikskólann og í nánasta umhverfi hans. Einn daginn komu þau að svæði sem var mjög ruslulegt og illa farið og ákváðu börnin að senda garðyrkjustjóra Dalvíkurbyggðar bréf og óska eftir úrbótum. Bréfið skilaði sínu og ruslið var fjarðlægt. Börnin flokkuðu ruslið sem þau fundu og settu í viðeigandi tunnur. Einnig útbjuggu þau skilti sem þau hengdu á girðinguna við leikskólann.



02.06.2010

Kærir Zín Arnar,

Við fórum all tvis rusli í náltúrnum og fundum ómytt mark bræmðr apfur og naglehrúgs kjli féttáttavellinum hjá leikskólanum, Leikskólin heitir Leikbær. Við sjnum þér myndina sem við tókum með myndavélina af ruslinu. Við líkum ekki við það að hafa rusli í náltúrnum!

Viðu taka ruslið fyrir okkur.

Kveðja

SÚMA EITEMIA  
SINGRI  
HÖNNARATA  
Í SÖLD ARJIE  
PÖFFUR  
VÉ BOKK DÖFR




Markil Naglehrúgs



Ýmis endurvinnanleg efni eru notuð í listasmiðju. Á Öskudaginn 2010 var kötturinn sleginn úr tunnunni hér í leikskólanum. Tunnan var búin til úr gömlum mjólkurkössum og síðan fengu börnin að skreyta hana með pappír ofl sem var verið að endurnýta.



Rababari er tekinn upp og þrífinn en síðan er búið til hlaup sem börnin fá að borða í síðdegishressingu.



Oft koma skemmtilegir vinir í heimsókn til okkar. Til að allir geti skoðað er vinurinn oft settur í stækkunar box. Þegar búið er að skoða vininn er honum hleypt út aftur.



Einn hópur valdi sér þúfu í hópastarfi til að fylgjast með henni hvernig hún breytist eftir árstíðum, þau fara reglulega til að skoða hvernig umhverfið og gróðurinn breytist og hvernig færðin að þúfunni breytist.



Náttúran er æðisleg kennslustofa til leikjar og fræðslu. Búnir voru til peningar úr trjá afskurði og finnst börnunum gaman að finna efnivið út í náttúrunni sem þau getað verslað, með peningunum sínum. Steinum er velt við til að sjá hverjir eiga heima þar en við þössum okkur á að setja þá alltaf á sinn stað aftur. Einnig hefur náttúran ýmislegt að geyma sem mennirnir hafa komið þar fyrir og ekki er síðra að rannsaka hvort það eigi heima á þeim stað sem það er eða hvort sé til betri staður til þess að geyma það á.



Eitt verkefni elstu barnanna í leikskólanum var að fara og sjá hvar þau eiga heima. Verkefnið tók þó nokkurn tíma og á suma staði var hægt að ganga en einnig þurfti að fara á bílum. Farið var á tvo sveitabæi og niður á Hauganes.



Nánast öll rými í leikskólanum eru nefnd eftir staðarheitum í nánasta umhverfi leikskólans. Sem dæmi má nefna Grástein, Hvamm og Borgir. Upplýsingar um Grænfánavinnu er að finna á heimasíðu Leikbæjar <http://leikbaer.dalvik.is/2010-2011/trounarverkefni/granfani/granfaniforsida.htm>



## Eftirlit og endurmat

Staða umhverfismála hefur verið metinn reglulega m.a. á fundum umhverfisnefndar hafa verið skoðuð skrefin sjö og farið yfir hvað hefur áunnist og hvað sé eftir. Einnig hefur gátlistinn verið fylltur út þrisvar og hann skoðaður reglulega með það að markmiði að uppfylla sem flestum þætti hans.

## Kynning á stefnunni

Verkefnið var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi og á fréttabréfum sem gefin eru út mánaðarlega. Á vorsýningum eru listaverk barnanna til sýnis en þar hefur mátt sjá ýmis listaverk búin til úr endurnýtanlegum efnivið. Á sýningunum eru einnig mikið af ljósmyndum sem teknar eru í vettvangsferðum og öðru daglegu starfi. Á heimasíðu leikskólans er að finna myndir úr starfi með börnunum sem tengist grænfána. Settir hafa verið inn tenglar á áhugaverðar síður. Einnig hefur ýmis fróðleikur um umhverfismál verið settur á fréttibréf leikskólans.

## Umhverfissáttmálinn

Umhverfisnefnd og starfsfólk útbjó umhverfisreglur sem voru síðan kynntar börnunum og rætt um þær.

Umhverfisreglurnar eru:

1. Þössum trén og gróðurinn okkar.
2. Hreinsum rusl af leikskólalóð og nágrenni
3. Flokkum allt rusl sem hægt er að flokka
4. Slökkva ljós í mannlausu rými.
5. Látum ekki vatn renna að óþörfu.
6. Skilum sandinum úr forstofu aftur í sandkassann.

Umhverfissáttmálinn hangir á vegg leikskólans þar sem börnin geta skoðað hann.

## Lokaorð

Í upphafi voru starfsmenn mis áhugasamir en vinnan hefur verið skemmtileg og margt hefur áunnist. Mikilvægt er að börnin læri góða umgengni náttúru og umhverfi og kynnist fjölbreytileika náttúrunnar svo þau finni til ábyrgðar gagnvart henni. Börnin eru hvött til að skila náttúrunni í betra ásigkomulagi en áður. Margt er þó ógert og hlökkum við til að takast á við þau verkefni.

Fyrir hönd umhverfisnefndar Leikbæjar.

Gitta Ármannsdóttir

Elín Lárusdóttir.

Leikbæ 31.10.2011

# Fundargerð umhverfisnefndar

Fyrsti fundur haldinn 11.09.2009 kl. 13:00.

Fundinn sátu börn í elsta árgangi, Kardo og Þórhildur, Súsanna fulltrúi foreldra og Elín verkefnisstjóri, einnig sat Gitta leikskólastjóri hluta fundarins.

Fjallað var um Græn fána verkefnið og græn fáninn skoðaður á heimasíðu Landverndar.

Rætt var um hvað við værum að gera nú þegar í umhverfismálum og hvað væri hægt að gera til viðbótar. Börnin sögðu frá því að verið væri að safna matarafgöngum fyrir hænurnar á Krossum og að verið væri að flokka fernur, pappa, plast, álpappír og fleira.

Nefndin skoðaði endurunnin pappír sem verkefnistjóri kom með og pappírsganga og börnin veltu því fyrir sér hvernig væri hægt að gera endurunninn pappír í lit og í hvað væri hægt að nota hann. Þau prófuðu að skrifa á hann.

Rætt var um hvort verið væri að flokka heima og hvort væru flokkunartunnur þar, einnig var rætt um úr hverju pappír er og af hverju æskilegt sé að spara pappírinn og endurvinna hann.

Umhverfisnendin ákvað að leggja áherslu á að flokka og ganga vel um náttúruna.

Eftirfarandi markmið voru sett:

1. Flokka rusl betur en nú er gert.
2. Ganga vel um leikskólann og umhverfi hans.
3. Nota efnivið úr náttúrunni til sköpunar.
4. Að kynnast umhverfinu.

Fundi slitið.

Elín Lárusdóttir

## Fundargerð umhverfisnefndar

Haldinn 08.06.2010

Fundinn sátu börn í elsta árgangi, Kardo og Þórhildur, Ásdís fulltrúi foreldra og Elín verkefnisstjóri.

Farið var yfir hvað búið væri að gera síðan síðast. Börnin eru búin að fara í ferðir að safna rusli og flest kunna orðið að flokka. Búið er að setja upp fleiri flokkunarkassa. Búið er að fjalla um rafmagns- og vatnsnotkun. Börnin sögðu Ásdísi frá því sem þau eru að gera tengt Græn fána verkefninu. Á næsta fundi umhverfisnefndar verða nýjir fulltrúar barna.

Fundargerð ritaði Elín Lárusdóttir.

## Fundargerð umhverfisnefndar

Fundur haldinn 19.10.2011 kl. 13:15.

Fundinn sátu börn tveggja elstu árganga, Allan, Ísold, Bergdís, Bríet, Hugrún, Magnea og Sigurbjörn. Freydís Inga fulltrúi foreldra og Elín verkefnisstjóri og HjördísJóna deildarstjóri.

Jóna sýndi börnunum umhverfisreglurnar og ræddi þær við börnin. Börnin sýndu síðan Ingu hvar flokkunardallarnir eru og við tókum allt rusl úr döllunum og gengum frá því í poka. Síðan var farið út með ruslið í endurvinnslugáminn. Flest börnin vita talsvert um umhverfið og umhverfisreglur, sum eru þátttakendur í flokkun heima.

Fundargerð ritaði Elín Lárusdóttir

02.06.2010

Kæri Jón Arnar.

Við fórum að týna rusl í náttúrunni og fundum ónýtt mark brenndar spýtur og naglahrúgu hjá fótboltavellinum hjá leikskólanum. Leikskólinn heitir Leikbær. Við sýnum þér myndina sem við tókum með myndavélinni af ruslinu. Við líkum ekki við það að hafa rusl í náttúrunni.

Viltu taka ruslið fyrir okkur.

Kveðja



Markið



Naglahrúga

